

# Vorhreinsun lóða í Kópavogi 26. apríl til 6. maí

## Fyrirtæki einnig hvött til að taka til á sínum lóðum og vera samtaka bæjarbúum

### ❖ VORHREINSUN

Það hefur lengi verið árviss viðburður í bæjarlífinu að eigendur lóða og landsvæða taki höndum saman við að hreinsa og fegra bæinn á vorin. Því vilja bæjaryfirvöld nú sem fyrr hvetja íbúa Kópavogs til að hreinsa lóðir sínar. Starfsmenn bæjarins verða á ferðinni í lok apríl og byrjun maí (sjá tímatöflu) og hreinsa garðaúrgang sem fólk hefur sett utan við lóðarmörk sín.

Þessi þjónusta verður veitt í íbúðahverfum bæjarins.

### ❖ DAGURINN ÞINN

Bænum er skipt í hverfi og munu starfsmenn bæjarins fjarlægja garðaúrgang þar eftirtalda daga:


	mánud.	þriðjud.	miðvikud.	fimmtud.	föstud.
<b>1 Vesturbær Austurbær</b>		<b>26. apríl</b>	<b>27. apríl</b>	<b>28. apríl</b>	<b>29. apríl</b>
<b>2 Smára- Linda- og Salahverfi</b>	<b>2. maí</b>	<b>3. maí</b>			<b>29. apríl</b>
<b>3 Kóra- og Vatnsendahverfi</b>			<b>4. maí</b>	<b>5. maí</b>	<b>6. maí</b>

▲ Garðaúrgang skal setja út við lóðarmörk í pokum, greinaafklippur skal binda í knippi.

▲ Óheimilt er að flytja lausan jarðveg út fyrir lóðarmörk og verður slíkt fjarlægt á kostnað lóðarhafa.

▲ Ekki verður fjarlægt rusl af byggingarlóðum.

▲ Íbúar flurfa sjálfir að koma spilliefnum í endurvinnslustöð. Einnig timbri, málmum og öðru rusli



### ENDURVINNSLUSTÖÐ VIÐ DALVEG

Opi kl. 12.30 til 19.30 virka daga.  
Opi kl. 10:00 til 18:30 um helgar  
Sími 564 3140.

Kópavogsbær hvetur bæjarbúa til að hreinsa lóðir sínar og nýta sér þessa árlegu þjónustu bæjarins